

Eftirlitsáætlun 2024

með rafhlöðum og rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi



1. Lagagrundvöllur og markmið

Umhverfisstofnun vinnur að eftirliti með rafhlöðum og rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi. Eftirlitshlutverk Umhverfisstofnunar byggir á IV. og VII. kafla laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Um eftirlitið er fjallað í 37. og 51. gr. laganna en eftirlitið er útfært nánar í reglugerð um rafhlöður og rafgeyma nr. 1020/2011 og reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Markmið eftirlitsins er að hækka söfnunarhlutfall rafhlaða, rafgeyma og raf- og rafeindatækja, fylgja eftir banni og takmörkunum á ákveðnum þungmálum í rafhlöðum og rafgeymum, sjá til þess að upplýsingagjöf til kaupenda sé framfylgt og fylgjast með að framleiðendur og innflytjendur rafhlaða, rafgeyma og raf- og rafeindatækja séu skráðir í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda. Eftirlitsáætlun þessi nær til loka ársins 2024 og miðast við upplýsingar frá Skattinum fyrir síðasta almanaksár.

Auk þessa ber Umhverfisstofnun að hafa eftirlit með því að aðrir aðilar nefndir í ofangreindum reglugerðum sinni skilgreindu hlutverki sínu, m.a. heilbrigðisnefndir og Úrvinnslusjóður.

2. Landfræðilegt umfang

Eftirlit Umhverfisstofnunar nær til framleiðenda og innflytjenda á rafhlöðum og rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi um allt land.

Eftirlit getur í vissum tilfellum einnig náð til sölu- og dreifingaraðila rafhlaða og rafgeyma þrátt fyrir að þeir séu ekki hluti af skráningarkerfinu og beri ekki eins víðtækar skyldur. Það getur reynst nauðsynlegt að beina kröfum um úrbætur til framleiðenda og innflytjenda.

3. Forgangsröðun eftirlits

Forgangsröðun eftirlits miðast við magntölur yfir inn- og útflutning á rafhlöðum og rafgeymum og raf- og rafeindatækjum og niðurstöðum fyrra eftirlits. Þá geta stefnur og straumar í samfélaginu líkt og breyttar neysluvenjur haft áhrif á forgangsröðun verkefna. Önnur atriði við forgangsröðun eftirlitsins byggja á áherslum í eftirliti með þessum úrgangi á Evrópuvettvangi.

Upplýsingar um inn- og útflutning á þessum vörum eru fengnar mánaðarlega frá tollakerfi Skattsins og birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Niðurstöður fyrra eftirlits á rafhlöðum og rafgeymum og raf- og rafeindatækjum frá árunum 2015 til 2023 má finna í ársskýrslum yfir niðurstöður eftirlits á heimasíðu Umhverfisstofnunar undir liðnum Atvinnulíf > Eftirlit².

Eftirlitið miðar við fimm kvaðir sem eru kjarninn í áætlunargerðinni sjálfri og virku eftirliti næstu ára (Viðauki 1). Kvaðirnar eru:

1. Skráningarskylda yfir framleiðendur og innflytjendur
2. Upplýsingaskylda framleiðenda og innflytjenda
3. Merkingaskylda
4. Móttökuskylda rafhlaðna og rafgeyma
5. Bann við tilteknum rafhlöðum og rafgeymum á markaði.

3.1. Skráningarskylda yfir framleiðendur og innflytjendur

Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma og raf- og rafeindatækja skulu skráðir hjá Umhverfisstofnun og upplýsingarnar uppfærðar reglulega, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 1020/ 2011 um rafhlöður og rafgeyma og 14. gr. reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Skráningarkerfið er uppfært í hverjum mánuði í samræmi við nýjustu gögn frá Skattinum.

3.2. Upplýsingaskylda framleiðenda og innflytjenda

Raf- og rafeindatæki:

Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja skulu í upplýsingum sem ætlaðar eru kaupanda upplýsa um:

- a) hvar sé heimilt að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi,
- b) að hægt sé að skila raf- og rafeindatækjaúrgangi án greiðslu
- c) að ábyrgst sé að hann verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur
- d) hlutverk kaupanda varðandi endurnotkun, endurvinnslu og aðrar leiðir til endurnýtingar raf- og rafeindatækjaúrgangs

¹ <https://ust.is/atvinnulif/eftirlit/rafhlodur-og-rafgeymar/skraningakerfi/>
<https://ust.is/atvinnulif/eftirlit/raf-og-rafeindataeki/skraningakerfi/>

² <https://ust.is/atvinnulif/eftirlit/rafhlodur-og-rafgeymar/eftirlit/>
<https://ust.is/atvinnulif/eftirlit/raf-og-rafeindataeki/eftirlit/>

- e) hugsanleg áhrif hættulegra efna í raf- og rafeindatækjaúrgangi á umhverfið og heilsu manna og dýra.

Rafhlöður og rafgeymar:

Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma skulu í upplýsingum sem ætlaðar eru kaupanda upplýsa um:

- a) hvar sé heimilt að skila notuðum rafhlöðum og rafgeymum
- b) að notaðar rafhlöður og rafgeymar megi ekki fara með öðrum úrgangi
- c) að hægt sé að skila notuðum rafhlöðum og rafgeymum án greiðslu
- d) að ábyrgst sé að úrgangurinn verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur
- e) áhrif rafhlaðna og rafgeyma á heilsu manna og umhverfi
- f) merkingu á rafhlöðum og rafgeymum og hvað þær þýða.

Eftirlitið með upplýsingaskyldu framleiðenda og innflytjenda sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma og 4. gr. reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang, verður í samræmi við áætlun eftirlits fyrir árið 2024.

3.3. Merkingaskylda

Raf- og rafeindatæki:

Tunnumerki:

Framleiðandi og innflytjandi skulu merkja raf- og rafeindatæki með merki sem er mynd af yfirstrikaðri sorptunnu á hjólum (tunnumerkið) skv. IV. viðauka reglugerðar nr. 1061/2018 (mynd 1).

Eftirlitið með merkingum er í samræmi við áætlun og í samræmi við nánari reglur um merkingar á raf- og rafeindatækjum sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 1061/2018.



Mynd 1. Yfirstrikuð sorptunna á hjólum (tunnumerki).

Rafhlöður og rafgeymar:

Tunnumerki:

Framleiðandi og innflytjandi skulu merkja rafhlöður og rafgeyma með merki sem er mynd af yfirstrikaðri sorptunnu á hjólum (tunnumerkið) skv. l. viðauka reglugerðar nr. 1020/2011 (mynd 1).

Þungmálmamerki:

Rafhlöður og rafgeymar, sem innihalda

- a) meira en 0,0005 % af kvikasilfri,
- b) meira en 0,002 % af kadmíum eða
- c) meira en 0,004 % af blýi,

skulu enn fremur merktar með auðkenni fyrir viðkomandi málm: Hg, Cd eða Pb.

Nánari reglur um merkingar á rafhlöðum og rafgeymum og undanþágur frá merkingum er að finna í 11. gr. og 20. gr. a. reglugerðar nr. 1020/2011.

3.4. Móttökuskylda rafhlaðna og rafgeyma

Þeim sem selja rafhlöður og rafgeyma og dreifa þeim ber að taka við notuðum rafhlöðum og rafgeymum á sölu- eða dreifingarstað gjaldfrjálst og tryggja viðeigandi ráðstöfun.

Eftirlit með móttöku notaðra rafhlaðna og rafgeyma sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 1020/2011 verður í samræmi við áætlun Umhverfisstofnunar fyrir eftirlit fyrir árið 2024.

3.5. Bann og takmarkanir við þungmálum í rafhlöðum og rafgeymum

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota:

- a) rafhlöður og rafgeyma sem innihalda meira en 0,0005% af kvikasilfri miðað við þyngd, hvort sem þau eru hluti af tækjum eða ekki, og
- b) færanlegar rafhlöður og rafgeyma sem innihalda meira en 0,002% af kadmíum miðað við þyngd, að meðtöldum þeim sem eru hluti af tækjum.

Bannið skv. í b-lið, gildir ekki um færanlegar rafhlöður eða rafgeyma sem ætluð eru til nota í:

- a) neyðar- og viðvörðunarkerfi, að meðtöldum neyðarlýsingum eða
- b) lækningabúnað.

Eftirlitið með þessu banni sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma, miðast við markaðseftirlit í samræmi við áætlun Umhverfisstofnunar fyrir eftirlit árið 2024.

4. Skipulag eftirlits

Framkvæmd eftirlits er sett fram í áætlun sem Umhverfisstofnun setur saman fyrir hvert ár. Áætlunin er vinnuskjal stofnunarinnar. Í lok hvers árs er tekin saman skýrsla um framkvæmd eftirlitsins og niðurstöður sem birtar eru á heimasíðu stofnunarinnar. Áætlanagerð byggir á upplýsingum frá tollakerfi Skattsins, niðurstöðum fyrra eftirlits og áherslum í eftirliti á Evrópuvettvangi. Þá geta stefnur og straumar í samfélaginu líkt og breyttar neysluvenjur haft áhrif á forgangsröðun verkefna.

Skipulag eftirlits er í samræmi við skráð verklag í gæðahandbók Umhverfisstofnunar: 7 VI - Eftirlit með rafhlöðum, rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi. Myndrænt ferli eftirlitsins má sjá í Viðauka 2.

5. Ábyrgð samstarfsaðila

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á verkefninu í heild sinni.

Eftirlit með móttökustöðvum sveitarfélaganna er í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Heilbrigðisnefndir skulu einnig hafa eftirlit með meðferð og merkingu rafhlaðna og rafgeyma svo og banni við tilteknum rafhlöðum og rafgeymum í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og upplýsa Umhverfisstofnun um niðurstöður eftirlitsins, á því formi sem stofnunin óskar eftir.

Úrvinnslusjóður ber ábyrgð á að tryggja meðhöndlun á notuðum rafhlöðum og rafgeymum, tryggja upplýsingagjöf framleiðenda og innflytjenda og ná söfnunarhlutfalli.

Tollakerfi Skattsins ber ábyrgð á að veita Umhverfisstofnun reglulega upplýsingar um inn- og útflutning í samræmi við beiðni stofnunarinnar um gagnaskil.

6. Fyrirkomulag samráðs

Eftirlit með móttökustöðvum verður framkvæmt í samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

Umhverfisstofnun og Úrvinnslusjóður hafa reglulegt samráð um upplýsingaöflun og -miðlun.

Umhverfisstofnun og fulltrúar tollakerfis og tollgæslu Skattsins hafa reglulegt samráð um upplýsingamiðlun og áherslur í eftirliti.

Upplýsingum um skyldur framleiðenda og innflytjenda er miðlað á heimasíðu Umhverfisstofnunar og með tölvupóstum til hagaðila.

7. Þjálfun skoðunarmanna

Eftirlitið fylgir skráðri vinnulýsingu í gæðahandbók Umhverfisstofnunar: 7 VI - Eftirlit með rafhlöðum, rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi.

8. Fjármögnun eftirlits

Ráðherra setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu, eftirlit og verkefni stofnunarinnar vegna rafhlaðna og rafgeyma og raf- og rafeindatækjaúrgangs. Úrvinnslusjóður fyrir hönd framleiðenda og innflytjenda rafhlaðna og rafgeyma ásamt raf- og rafeindatækja, stendur skil á gjöldum til Umhverfisstofnunar

sem framleiðendur og innflytjendur bera vegna reksturs skráningarkerfis og eftirlits stofnunarinnar, um gjaldtökuna er fjallað í 36. og 39. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 1410 frá 2023.

9. Niðurstöður

Niðurstöður eftirlits verða gefnar út fyrir hvert eftirlitsár á heimasíðu stofnunarinnar. Þar kemur fram umfang eftirlits ársins, fjöldi frávíka og aðrar athugasemdir sem koma fram í eftirliti. Þar munu einnig vera settar fram mögulegar tillögur til umbóta á framkvæmd eftirlitsins sem tekið verður tillit til í áætlun næsta árs.

Heimildir

Batteries and accumulators. European Commission.

https://ec.europa.eu/environment/topics/waste-and-recycling/batteries-and-accumulators_en

Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Reglugerð um rafhlöður og rafgeyma nr. 1020/2011.

Reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang.

Umhverfisstofnun. Rafhlöður og rafgeymar. <https://ust.is/atvinnulif/eftirlit/rafhlodur-og-rafgeymar>

Umhverfisstofnun. Raf- og rafeindatæki. <https://ust.is/atvinnulif/eftirlit/raf-og-rafeindataeki>


Umhverfisstofnun. Tölfræði. Söfnun. <https://ust.is/graent-samfelag/urgangsmal/umhverfisvisar-og-tolfraedi/tolfraedi>

Waste from Electrical and Electronic Equipment (WEEE). European Commission.

https://ec.europa.eu/environment/topics/waste-and-recycling/waste-electrical-and-electronic-equipment-weee_en

Viðauki 1

Atriði sem framleiðendum, innflytjendum og sölu- og dreifingaraðilum ber að uppfylla.

Atriði eftirlits	Framleiðendur og innflytjendur		Sölu- og dreifingaraðilar	
	WEEE	RR	WEEE	RR
Aðili í skráningarkerfi	x	x		
Upplýsingar um hvar er heimilt að skila	x	x		
Tunnumerki á tæki/búnað 	x	x		
Merkingar á þungmálmum		x		x
Móttaka notaðra rafhlaðna og rafgeyma		x (ef söluaðilar)		x
Bann við ákveðnum þungmálmum		x		x

WEEE: Waste Electrical and Electronic Equipment (Raf- og rafeindatækjaúrgangur), RR: Rafhlöður og rafgeymar.

Viðauki 2

Ferill eftirlits og skjalagerð í eftirliti með rafhlöðum og rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi.

